

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn

Félag um foreldrajafnrétti

Umsögn 25. mál. – Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing).

Umsögn félagsins:

Félagið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt en leggur þó til endurskoðað verði í IV. Kafla laganna n.t.t. 8. gr. þar sem getið er um samþykkt forsjárforeldris vegna töku forsjárlausss foreldris á fæðingarorlofi.

Félagið leggur til að þessi liður sé endurskoðaður enda er fæðingarorlof forsjárlausra foreldra byggt eingöngu á ákvörðunum þess foreldris sem fer með forsjána. Slíkt er að mati félagsins afar ósanngjarnt þar sem forsjárlausir foreldrar hafa þannig engan möguleika til fæðingarorlofs sé forsjárforeldrið andvígt því – jafnvel þó umgengni við barn sé til staðar.

Leggur því félagið til að þessi kafli laganna verði endurskoðaður með það að markmiði að bæta réttarstöðu forsjárlausra foreldra.

Október 2015

Stjórn félags um foreldrajafnrétti